

Hverfisráð Hríseyjar

105. fundur

Mánudaginn 13. febrúar 2017 kl 10:00 var haldinn 105. fundur hverfisráðs á heimili formanns, Hólabraut 21.

Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Flokkunarstöð

Flokkunarstöð (yfirbyggður gámur) er komin til Hríseyjar, en að mati hverfisráðs er óljóst hvað verður um grenndarstöðvarnar í eyjunni. Líklegt er að fólk hætti að flokka þegar það þarf að fara með mismunandi úrgang alla leið á flokkunarstöðina. Grenndarstöðvarnar hafa reynst íbúum Hríseyjar vel, en einnig eru þær staðsettar þannig að þær séu flestum mjög aðgengilegar (þ.e.a.s. í leiðinni fyrir flesta). Meðlimir hverfisráðs eru þeirrar skoðunar að eigi ekki að leggja grenndarstöðvarnar af. Þorgeir Jónsson bendir auk þess á að það séu engin lok á flokkunarstöðinni, en því sé hætt að það snjóí inn um lúgurnar. Einnig bendir hann á að lúgurnar séu of litlar til að koma heilum samanbrotnum pakkningum (t.d. bylgjupappa utan um snjónvarp) inn um lúgurnar. Óljóst er auk þess hvort fyrirtæki þurfi einnig að koma úrgangi sínum á flokkunarstöðina eða hvort fyrirtæki fái áfram gáma. Hverfisráð leggur því fram eftirfarandi spurningu: Hverning vill Akureyrarbær sjá fyrirkomulagið á þessu, og á að leggja grenndarstöðvarnar af?

2. Fjármagn til framkvæmda

Að mati hverfisráðs ætti fjármagn til framkvæmda notast í framkvæmdir sem er verið að vinna í nú þegar. Um er að ræða tvennt: Göngustigar í Hrísey og uppbygging á hátíðarsvæðinu (uppsetning á leiktæki á hátíðarsvæðinu („aparóla“), stigar, skjólveggur við sviðið, bekkir utan um vatnsþróna).

3. Austurvegur

Margir íbúar Hríseyjar eru ónánægðir með Austurveg. Leggur hverfisráð því fram eftirfarandi spurningu: Hver er staðan í sambandi við framkvæmdir við Austurveg?

4. Stefnumótun fyrir Hrísey (vinnuþlagg)

Þorgeir Jónsson bendir á að það sé þörf á stefnumótun fyrir Hrísey. Til er nú þegar samantekt af málþingi og könnun áhugahóps um framtíð Hríseyjar. Leggur formaður hverfisráðs til að þetta þlagg verði notað í stefnumótun fyrir Hrísey.

5. Önnur mál

Pétur Ásgeir Steinþórsson bendir á að mikil óánægja ríki meðal Hríseyinga vegna lokunar leikskólans næstkomandi sumar. Að mati hverfisráðs er hér um grunnþjónustu að ræða, en fólk með börn þarf á leikskólaplássi að halda. Lokun leikskólans yfir sumarið er þvert á móti stefnu verkefnisins Brothættra Byggða. Verkefnið Brothætta Byggðir snýst meðal annars um að fá fólk til að setjast að í Hrísey, en með lokun leikskólans yfir sumarið er unnið beint gegn því. Ekki eru lengur eingöngu starfsmannabörn í leikskóla, heldur líka börn annarra. Hverfisráð Hríseyjar leggst með öllu gegn lokun leikskólans sumarið 2017.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 10:55.

Þorgeir Jónsson
Pétur Ásgeir Steinþórsson
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker.